# Uppgjör 3M 2022


**Lilja Björk Einarsdóttir**

Bankastjóri

**Hreiðar Bjarnason**

Framkvæmdastjóri
Fjármála og rekstrar




# Stöðugur árangur – Landsbanki nýrra tíma
## - Traustur efnahagur styður við metnaðarfulla stefnu bankans

**Góður fyrsti fjórðungur**
Hreinar vaxtatekjur aukast um 19% og hreinar þjónustutekjur um 28%. Áfram góð afkoma hjá Landsbréfum eftir frábært ársuppgjör félagsins.

**Útlánaaukning og sterkur efnahagur**
Útlán aukast um 37 ma.kr., eða 30 ma.kr. að teknu tilliti til gengisbreytinga, og markaðshlutdeild í íbúðalánum er 29%.

**Lítil fjármögnunarþörf út árið**
Alls voru gefnir út 36 ma.kr. undir EMTN-skuldabréfaramma og með sértryggðum skuldabréfum sem hafa A- lánshæfiseinkunn.

**Traustur og fjárhagslega sterkur banki**
Sterk eiginfjárstaða upp á 265 ma.kr., 63 ma. kr. umfram kröfur eftirlitsaðila. Greiddur arður á árinu er samtals 20,6 ma.kr.

**Ánægðustu viðskiptavinirnir og snjallar lausnir**
Um 89% af því er áður var framkvæmt í afgreiðslu er nú aðgengilegt í sjálfsafgreiðslu og notkun er mikil. Um 80% verðbréfakaupa fara fram í appi og netbanka.

**Sjálfbær fjármál eru framtíðin**
11 fyrirtækjum hefur verið veitt sjálfbærnimerki Landsbankans sem tengir samtals EUR 600m sjálfbæra fjármögnun bankans við lánveitingar til viðskiptavina.

**Stöðug framför**
Landsbankinn var fyrstur banka til að ljúka rafrænni þinglýsingu íbúðalána sem einfaldar viðskiptavinum verulega að ljúka fjármögnun íbúða.

Hagnaður
**3,2** ma.kr.
4,7% arðsemi eigin fjár

Eiginfjárhlutfall
**24,3%**
Lágmarkskrafa 18,9%

Kostnaðarhlutfall
**54,9%**
Hlutfall kostnaðar og tekna (K/T hlutfall)

Heildarútlán
**1.417** ma.kr.

Arðgreiðsla
**20,6** ma.kr.

Eignir í stýringu
**722** ma.kr.*
*Að meðtöldum lífeyrissparnaði

SUSTAINALYTICS
hverfandi áhætta

SJÁLFBÆR FJÁRMÖGNUN
11 sjálfbærnimerki hafa verið veitt

Verðbréf í appi

Ánægjuvogin
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2021
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2020
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2019

# Við erum til staðar og einföldum viðskiptavinum lífið

**39%**

**markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaði***

*Heimild: Landsbankinn

**58%**

**nýrra íbúðalána voru með fasta vexti samanborið við 15% á 1F 2021**

**Fyrsta rafræna þinglýsingin**

Rafrænar þinglýsingar skila sér í bættri þjónustu og styttri biðtíma fyrir viðskiptavini

**39%**

**nýrra íbúðalána til fyrstu kaupenda***

*mars 2022

**88.000**

**viðskiptavinir nota netbankann til að sinna fjármálunum**

**90.000**

**viðskiptavinir nota appið til að sinna fjármálunum**

Markaðshlutdeild á íbúðalánamarkaði

***Heimild:** Opinber uppgjör bankanna og hagtölur Seðlabanka Íslands*



# Framúrskarandi fyrirtækjaþjónusta

Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga sem styður verðmætasköpun með því að koma til móts við þarfir fyrirtækja.

**32,9%** markaðshlutdeild á fyrirtækjamarkaði

**75%** kreditkorta voru stofnuð í sjálfsafgreiðslu

**80%** umsókna um nýja innlánsreikninga fyrirtækja voru sendar inn í sjálfsafgreiðslu

**467** lögaðilar hófu viðskipti við bankann á fyrsta ársfjórðungi

**3.409** skjöl voru undirrituð með rafrænum hætti á ársfjórðungnum

# Heildstæð sparnaðar- og fjárfestingarþjónusta

Persónuleg þjónusta og ábyrg ráðgjöf hjálpar fyrirtækjum og einstaklingum að taka upplýstar ákvarðanir

**35%**

aukning á þjónustu-tekjum í eignastýringu og miðlun á milli ára

**30%**

aukning í fjölda kaupa í sjóðum Landsbréfa milli ára

**80%**

af kaupum í sjóðum Landsbréfa og hluta-bréfum eru gerð í sjálfsafgreiðslu

# Við vinnum að sjálfbærni

Landsbankinn leggur áherslu á fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sinni. Markmið 5, um jafnrétti kynjanna, er eitt þeirra. Eitt það mikilvægasta sem hægt er að gera í íslensku atvinnulífi til að stuðla að jafnrétti kynjanna er að vinna gegn kynbundnum launamun og jafnrétti á vinnumarkaði. Með innleiðingu jafnlaunastaðals kom Landsbankinn sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvarðanir í launamálum byggi á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunum.

Jafnlaunavottun var lögfest árið 2017 og fékk bankinn sína fyrstu jafnlaunavottun árið 2019. Landsbankinn hefur ávallt lagt ríka áherslu á að vinna gegn kynbundnum launamun og það er ánægjulegt að segja frá því að í febrúar 2022 fengum við endurvottun á jafnlaunakerfið okkar.

## Helstu sjálfbærniverkefni okkar á 1F

### Sjálfbærnisjóður

Á fyrsta ársfjórðungi var opnað fyrir umsóknir í Sjálfbærnisjóð Landsbankans þar sem áhersla er lögð á að styrkja verkefni sem stuðla að orkuskiptum.

### Vistvæn bílalán

19% bílalána Landsbankans eru vegna kaupa á rafbílum.

### Sjálfbærnimerki Landsbankans

Í þágu sjálfbærni miðlum við þekkingu okkar til viðskiptavina til að gera félögum kleift að fjármagna verkefni á sjálfbæran hátt. 11 fyrirtæki hafa fengið sjálfbærnimerki Landsbankans.

# Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

## - Sterk fjárhagsstaða og áfram tækifæri til að ná hagkvæmari fjárhagsskipan

| | Markmið | 3M 2022 | Leiðbeinandi viðmið |
|---|---|---|---|
| **Arðsemi** | | | |
| **Arðsemi eigin fjár** | ≥ 10% | 4,7% | Langtímamarkmið bankans er að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%.<br><br>Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2022 er 7,0 – 9,0%. |
| **Skilvirkni** | | | |
| **Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)** | ≤ 45% | 54,9% | Vænt K/T hlutfall á árinu 2022 er 40 - 43%. |
| **Fjárhagslegur styrkur** | | | |
| **Arðgreiðsluhlutfall** | ~ 50% | 50% | Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs. Til viðbótar er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan. |
| **Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)** | ≥ 18% | 22,6% | Stefnt er að útgáfu víkjandi fjármögnunar á árinu en það er þó háð markaðsaðstæðum. |
| **Eiginfjárhlutfall alls** | ≥ 22% | 24,3% | Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvegið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af lánshæfismatsfyrirtækjum. |

### Arðsemi eigin fjár




### Eiginfjárhlutfall alls




### Kostnaðarhlutfall (K/T)




### Heildarlausafjárþekjuhlutfall



# Landsbanki nýrra tíma

## ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

Einföldum viðskiptavinum lífið

Frumkvæði

## STÖÐUG FRAMFÖR

Snjallari starfsemi

Traustur banki

## VIÐ ELSKUM ÁRANGUR

Árangursdrifin menning

Vinnustaður framtíðarinnar

# Rekstrarreikningur



# Rekstrarreikningur

| | 3M 2022 | 3M 2021 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 10.266 | 8.626 | 1.640 | 19% |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.639 | 2.054 | 585 | 28% |
| Hrein virðisbreyting útlána | 778 | 2.489 | -1.711 | -69% |
| Aðrar rekstrartekjur og (gjöld) | -1.693 | 2.590 | -4.283 | -165% |
| **Rekstrartekjur samtals** | **11.990** | **15.759** | **-3.769** | **-24%** |
| Laun og launatengd gjöld | 3.755 | 3.769 | -14 | 0% |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.399 | 2.315 | 84 | 4% |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 510 | 467 | 43 | 9% |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.664** | **6.551** | **113** | **2%** |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **5.326** | **9.208** | **-3.882** | **-42%** |
| Tekjuskattur | 2.110 | 1.590 | 520 | 33% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **3.216** | **7.618** | **-4.401** | **-58%** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Hreinar rekstrartekjur

## - Aukin umsvif skila 28% aukningu í þjónustutekjum milli ára




### Hreinar vaxtatekjur




### Hreinar þjónustutekjur




### Virðisbreytingar



# Rekstrargjöld

## - Stöðugildum fækkar og heildarlaunakostnaður er stöðugur

### Laun og tengd gjöld




### Stöðugildi




### Annar rekstrarkostnaður









Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur



# Heildareignir

| | 31.3.2022 | 31.12.2021 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður í Seðlabanka | 68 | 83 | -15 | -18% |
| Markaðsskuldabréf | 130 | 151 | -21 | -14% |
| Hlutabréf | 29 | 33 | -4 | -12% |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 58 | 47 | 11 | 23% |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.417 | 1.387 | 30 | 2% |
| Aðrar eignir | 32 | 29 | 3 | 10% |
| **Samtals** | **1.734** | **1.730** | **4** | **0%** |

- Útlán til einstaklinga jukust um 17 milljarða króna. Íbúðalán hækkuðu um 2% eða um 14 milljarða króna.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 21 milljarð króna, sé litið framhjá gengisáhrifum.






# Útlán og kröfur á viðskiptavini

## - Vinsældir óverðtryggðra lána halda áfram að aukast á sama tíma og vanskilahlutföll hafa aldrei verið lægri

### Heildarútlán







### Vandræðalán




### Útlán eftir áhættustigum

| | Bókfært virði brúttó | | Virðisrýrnunarsjóður | | Bókfært virði | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhættustig 1 | 1.276 | 89,3% | 3 | 0,2% | 1.273 | 89,9% |
| Áhættustig 2 | 98 | 6,9% | 3 | 3,2% | 95 | 6,7% |
| Áhættustig 3 | 27 | 1,9% | 6 | 23,6% | 21 | 1,5% |
| Gangvirði | 28 | 2,0% | | | 28 | 2,0% |
| **Samtals** | **1.429** | **100%** | **12** | **0,8%** | **1.417** | **100%** |

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Virðisbreyting útlána

## - Ört minnkandi efnahagsleg áhrif Covid-19 á útlánasafn bankans

### Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina




### Áhættukostnaður útlána




### Covid-19-aðlögun frá 2020




### Virðisrýrnunarsjóður sem hlutfall af kröfuvirði




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til einstaklinga

- Veruleg aukning í óverðtryggðum íbúðalánum á föstum vöxtum samhliða hækkandi verðbólgu og vaxtahækkun Seðlabankans

## Útlán til einstaklinga




## Íbúðalán eftir tegund vaxta




## Útlán heimila eftir lánsformum




## Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána






Fjárhæðir í milljörðum króna

# Útlán til fyrirtækja
## - Hófleg aukning í útlánum til fyrirtækja

### Útlán til fyrirtækja




### Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




### Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Fjárhæðir í milljörðum króna

# Skuldir og eigið fé

| | 31.3.2022 | 31.12.2021 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 7 | 10 | -3 | -30% |
| Innlán frá viðskiptavinum | 923 | 900 | 23 | 3% |
| Lántaka | 473 | 486 | -13 | -3% |
| Aðrar skuldir | 46 | 30 | 16 | 53% |
| Víkjandi lántaka | 20 | 21 | -1 | -5% |
| Eigið fé | 265 | 283 | -18 | -6% |
| **Samtals** | **1.734** | **1.730** | **4** | **0%** |

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 23 milljarða frá áramótum.
- Aukin útgáfa sértryggðra skuldabréfa samhliða aukningu í íbúðalánum.

## Innlán frá viðskiptavinum




## Skuldir og eigið fé



# Lánsfjármögnun

## - Áframhaldandi gott aðgengi bankans að lánsfjármögnun, bæði innanlands og erlendis

### Sundurliðun lánsfjármögnunar







### Útgáfa lánsfjármögnunar




### Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar *




*EUR 100m víkjandi lán er á gjalddaga 2028 með innköllunarheimild 2023.
ISK 5,5 milljarða víkjandi lán er á gjalddaga 2029 með innköllunarheimild 2024.

Fjárhæðir í milljörðum króna

# Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

## - Sterk lausafjár- og fjármögnunarhlutföll

### Heildarlausafjárþekja




### Fjármögnunarþekja




### Lausafjárþekja ISK




### Lausafjárþekja erlendra mynta



# Eiginfjárkröfur
## - Sterk eiginfjárhlutföll í samræmi við markmið

| | CET1 | Tier 1 | Alls |
|---|---|---|---|
| Stoð I | 4,5% | 6,0% | 8,0% |
| Stoð II-R | 2,0% | 2,6% | 3,5% |
| **Lámarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R** | **6,5%** | **8,6%** | **11,5%** |
| Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu | 2,9% | 2,9% | 2,9% |
| Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki | 2,0% | 2,0% | 2,0% |
| Sveiflujöfnunarauki | 0,0% | 0,0% | 0,0% |
| Verndunarauki | 2,5% | 2,5% | 2,5% |
| **Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G** | **7,4%** | **7,4%** | **7,4%** |
| **Heildarkrafa um eiginfjárgrunn** | **13,9%** | **16,0%** | **18,9%** |
| **Eiginfjárhlutfall alls 31.3.2022** | **22,6%** | **22,6%** | **24,3%** |

### Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




### Áhættuvegnar eignir




- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach). Bankinn beitir virkri nálgun (e. dynamic approach) hvað varðar aðlögunarákvæði um IFRS 9.
- Þann 29. september 2021 tilkynnti fjármálastöðugleikaráð að sveiflujöfnunaraukinn myndi hækka upp í 2,0% með gildistöku 29.9.2022.
- Skilavald Seðlabanka Íslands hefur samþykkt skilaáætlun bankans, með samþykki sínu tók skilavaldið ákvörðun um lágmarskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL). MREL krafa bankans sem hlutfall af áhættugrunni (e.Total Risk Exposure Amount) er 23%.

Fjárhæðir í milljónum króna

# Arðgreiðslur og eiginfjárhlutfall
## - Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð

### Arðgreiðsla 2022

- Aðalfundur bankans, sem haldinn var þann 23. mars 2022, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2021 sem nemur 0,61 krónu á hlut. Fjárhæð arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 14.409 milljónum króna, sem samsvarar 50% af hagnaði ársins 2021.
- Jafnframt var samþykkt sérstök arðgreiðsla að fjárhæð 6.141 milljón króna.
- Áhrif arðgreiðslunnar á eiginfjárhlutfall bankans er um 1,8 prósentustig.

### Arðgreiðslur




### Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárhlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

### Eiginfjárhlutfall alls, breytingar 3M 2022




Fjárhæðir í milljónum króna

# Viðauki



# Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 20% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 50% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 30%.

## Hagvöxtur




## Atvinnuleysi




## Verðbólga




## Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)




## EUR/ISK




## Íbúðaverð (breyting milli ára)



# Kennitölur

| | 1F 2022 | 4F 2021 | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður eftir skatta | 3.216 | 7.322 | 7.492 | 6.487 | 7.618 | 28.919 | 10.521 | 18.235 | 19.260 |
| Arðsemi eigin fjár fyrir skatta | 7,8% | 14,0% | 13,8% | 12,2% | 14,2% | 13,6% | 5,1% | 9,6% | 11,1% |
| Arðsemi eigin fjár eftir skatta | 4,7% | 10,5% | 11,0% | 9,8% | 11,7% | 10,8% | 4,3% | 7,5% | 8,2% |
| Arðsemi heildareigna eftir skatta | 0,7% | 1,7% | 1,8% | 1,6% | 1,9% | 1,7% | 0,7% | 1,3% | 1,5% |
| Eiginfjárhlutfall alls | 24,3% | 26,6% | 24,9% | 25,1% | 24,9% | 26,6% | 25,1% | 25,8% | 24,9% |
| Hreinar vaxtatekjur | 10.266 | 10.395 | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 40.814 |
| Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 2,4% | 2,4% | 2,3% | 2,5% | 2,2% | 2,3% | 2,5% | 2,8% | 3,2% |
| Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T) | 54,9% | 47,6% | 37,9% | 41,7% | 45,8% | 43,2% | 47,4% | 42,6% | 45,5% |
| Heildarlausafjárþekja | 142% | 179% | 172% | 180% | 202% | 179% | 154% | 161% | 158% |
| Lausafjárþekja erlendra mynta | 292% | 556% | 443% | 420% | 477% | 556% | 424% | 769% | 534% |
| Lausafjárþekja ISK | 101% | 120% | 113% | 112% | 120% | 120% | 105% | 61% | 44% |
| Fjármögnunarþekja | 122% | 121% | 118% | 121% | 118% | 121% | 116% | 117% | 120% |
| Fjármögnunarþekja erlendra mynta | 143% | 142% | 122% | 140% | 140% | 142% | 132% | 143% | 166% |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna | 1,4% | 1,5% | 1,3% | 1,4% | 1,5% | 1,4% | 1,6% | 1,7% | 1,9% |
| Heildareignir | 1.733.644 | 1.729.798 | 1.718.358 | 1.677.297 | 1.600.952 | 1.729.798 | 1.564.177 | 1.426.328 | 1.326.041 |
| Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina | 153,5% | 154,1% | 158,2% | 157,6% | 162,1% | 154,1% | 160,5% | 161,1% | 153,6% |
| Stöðugildi | 791 | 816 | 837 | 844 | 869 | 816 | 878 | 893 | 919 |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstur

| | 1F 2022 | 4F 2021 | 3F 2021 | 2F 2021 | 1F 2021 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 10.266 | 10.395 | 9.600 | 10.332 | 8.626 | 38.953 | 38.074 | 39.670 | 40.814 |
| Hreinar þjónustutekjur | 2.639 | 2.593 | 2.522 | 2.314 | 2.054 | 9.483 | 7.638 | 8.219 | 8.157 |
| Hrein virðisbreyting útlána | 778 | 3.247 | 1.008 | 293 | 2.489 | 7.037 | -12.020 | -4.827 | 1.352 |
| Aðrar rekstrartekjur og (gjöld) | -1.693 | 482 | 2.216 | 1.569 | 2.590 | 6.857 | 4.561 | 8.455 | 3.587 |
| **Rekstrartekjur samtals** | **11.990** | **16.717** | **15.346** | **14.508** | **15.759** | **62.330** | **38.253** | **51.517** | **53.910** |
| | | | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3.755 | 4.028 | 3.238 | 3.724 | 3.769 | 14.759 | 14.767 | 14.458 | 14.589 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.399 | 2.386 | 2.202 | 2.202 | 2.315 | 9.105 | 9.064 | 9.534 | 9.348 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | 510 | 508 | 525 | 513 | 467 | 2.013 | 1.815 | 4.204 | 3.860 |
| **Rekstrargjöld samtals** | **6.664** | **6.922** | **5.965** | **6.439** | **6.551** | **25.877** | **25.646** | **28.196** | **27.797** |
| | | | | | | | | | |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **5.326** | **9.795** | **9.381** | **8.069** | **9.208** | **36.453** | **12.607** | **23.321** | **26.113** |
| | | | | | | | | | |
| Tekjuskattur | 2.110 | 2.473 | 1.889 | 1.582 | 1.590 | 7.534 | 2.086 | 5.086 | 6.853 |
| **Hagnaður tímabilsins** | **3.216** | **7.322** | **7.492** | **6.487** | **7.618** | **28.919** | **10.521** | **18.235** | **19.260** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagur

| | 31.3.2022 | 31.12.2021 | Breyting | | 31.12.2020 | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innistæður í Seðlabanka | 68.406 | 82.425 | -14.019 | -17% | 67.604 | 69.824 | 70.854 |
| Markaðsskuldabréf | 129.661 | 150.435 | -20.774 | -14% | 119.330 | 115.262 | 77.058 |
| Hlutabréf | 28.990 | 33.347 | -4.356 | -13% | 26.808 | 30.019 | 23.547 |
| Útlán og kröfur á lánastofnanir | 58.179 | 47.231 | 10.948 | 23% | 48.073 | 47.929 | 71.385 |
| Útlán og kröfur á viðskiptavini | 1.416.504 | 1.387.463 | 29.041 | 2% | 1.273.426 | 1.140.184 | 1.064.532 |
| Aðrar eignir | 31.904 | 28.897 | 3.006 | 10% | 28.936 | 23.110 | 18.665 |
| **Eignir samtals** | **1.733.644** | **1.729.798** | **3.847** | **0%** | **1.564.177** | **1.426.328** | **1.326.041** |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka | 6.557 | 10.425 | -3.868 | -37% | 48.725 | 48.062 | 34.609 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 922.556 | 900.098 | 22.458 | 2% | 793.427 | 707.813 | 693.043 |
| Lántaka | 472.827 | 486.042 | -13.215 | -3% | 420.178 | 373.168 | 314.412 |
| Aðrar skuldir | 45.871 | 29.803 | 16.068 | 54% | 22.227 | 30.470 | 31.027 |
| Víkjandi lántaka | 20.524 | 20.785 | -261 | -1% | 21.366 | 19.081 | 13.340 |
| Eigið fé | 265.310 | 282.645 | -17.335 | -6% | 258.255 | 247.734 | 239.610 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.733.644** | **1.729.798** | **3.847** | **0%** | **1.564.177** | **1.426.328** | **1.326.041** |

Fjárhæðir í milljónum króna

# Starfsþættir

| 1.1 - 31.3.2022 | Einstaklingssvið | Fyrirtækjasvið | Eignastýring og miðlun | Fjárstýring og Viðskiptavakt | Aðrir starfsþættir | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 4.223 | 4.677 | 162 | 1.236 | -14 | -18 | 10.266 |
| Hreinar þjónustutekjur | 714 | 408 | 1.590 | -66 | 31 | -38 | 2.639 |
| Hrein virðisbreyting útlána | -59 | 841 | -1 | -3 | 0 | 0 | 778 |
| Aðrar tekjur og (gjöld) | 38 | -4 | 21 | -1.948 | 206 | -6 | -1.693 |
| **Rekstrartekjur (gjöld) samtals** | **4.916** | **5.922** | **1.772** | **-781** | **223** | **-62** | **11.990** |
| Rekstrarkostnaður | -1.529 | -747 | -503 | -519 | -2.901 | 45 | -6.154 |
| Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja | -201 | -101 | -2 | -204 | -2 | 0 | -510 |
| Úthlutaður kostnaður | -1.019 | -694 | -269 | -243 | 2.225 | 0 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir skatta** | **2.167** | **4.380** | **998** | **-1.747** | **-455** | **-17** | **5.326** |
| Tekjuskattur | -555 | -1.141 | -354 | -171 | 111 | 0 | -2.110 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | **1.612** | **3.239** | **644** | **-1.918** | **-344** | **-17** | **3.216** |
| | | | | | | | |
| Heildareignir | 789.696 | 607.707 | 12.471 | 701.519 | 23.041 | -400.790 | 1.733.644 |
| Heildarskuldir | 752.331 | 499.694 | 7.938 | 586.120 | 23.041 | -400.790 | 1.468.334 |
| Úthlutað eigið fé | 37.365 | 108.013 | 4.533 | 115.399 | - | | 265.310 |



Fjárhæðir í milljónum króna

# Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.